

## 8. gr.

Greiðslur ofanflóðasjóðs vegna flutnings á húseignum miðast við kostnað við flutninginn og kostnað við að koma húsi fyrir á nýjum stað enda hafi verið leitað hagkvæmstu leiða í því sambandi. Sjóðurinn greiðir ekki vegna kaupa á húseign sem unnt er að flytja nema flutningskostnaður sé metinn hærri en kaupverð.

## 9. gr.

Eigandi keypra húseigna er viðkomandi sveitarsjóður. Hann ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri húseigna og getur tekið ákvörðun um að hús skuli eyðilagt. Ofanflóðasjóður endurgreiðir ekki kostnað sem leiðir af 1. mgr.

## 10. gr.

Nýting keypra húseigna er háð samþykki Almannavarna ríkisins og lögreglustjóra. Sveitarfélagi er óheimilt að selja húseign sem keypt hefur verið nema með leyfi Almannavarna ríkisins. Ef sala er heimiluð skal andvirði sölunnar renna til ofanflóðasjóðs í sömu hlutföllum og greiðsluhlutur sjóðsins var.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 14. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Reglugerð þessi skal tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1996 með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hennar.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1995.*

**Páll Pétursson.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Dalvík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar við austurbrún Skíðabrautar, Hafnarbrautar og Gunnarsbrautar.
2. Sognstún verður lokað fyrir gegnumakstri.

Fyrirnefndar breytingar á umferð verða gefnar til kynna með umferðarmerkjum og merkingum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. ágúst 1995.*

**Elías I. Eliasson.**